



REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjaneshæjar  
Hr. Friðjón Einarsson, formaður  
Tjarnargötu 12  
230 Reykjaneshæ

Reykjaneshæ 12.04.2021

### Varðar: Ljósleiðaravæðing í Höfnum

Nýverið fékk Reykjaneshæ vilyrði um styrk að upphæð kr. 7,0 millj. kr. úr Fjarskiptasjóði vegna ljósleiðaravæðingar í dreifbýli. Þessi styrkur er eingöngu veittur sveitarfélögum.

Umsókn Reykjaneshæjar til Fjarskiptasjóðs náði til Hafna í Reykjaneshæ. Samkomulag Reykjaneshæjar við Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) og Mílu um ljósleiðaravæðingu Reykjaneshæjar nær ekki til Hafna og er þetta hverfi Reykjaneshæjar því ekki í plönum þeirra. Því sitja íbúar Hafna ekki við sama borð og aðrir íbúar þegar kemur að vali á fjarskiptafyrirtækjum og flutningskerfum. Gróf kostnaðaráætlun vegna þessara framkvæmda er u.þ.b. kr. 38 millj. kr, en styrkurinn kæmi á móti þeirri upphæð. Mismunurinn, 31 millj. kr eða 500.000 kr/hús (alls 62 hús hlutu styrk) greiðist í einhverjum hlutföllum að sveitarfélaginu og viðkomandi húseigenda.

Framlag Reykjaneshæjar gæti því numið 31 millj. kr. ef samþykkt verður að fara í framkvæmdir. Önnur sveitarfélög hafa farið þá leið að fá GR og Mílu til samstarfs um framkvæmdir og að þeim loknum hafa þessi félög keypt kerfið af sveitarfélaginu og rekið í framhaldi. Algengt er að verð sem innviðafélög greiða fyrir hverja tengingu sé 260 þús kr. Þannig kæmu 16 millj. kr. til frádráttar áður nefndum 31 millj. kr. og nettó kostnaður því 15 millj. kr. að því gefnu að sveitarfélagið fari ekki fram á kostnaðar þátttöku húseigenda.

Meðfylgjandi er minnisblað ritað af Gunnari Ellerti Geirssyni deildarstjóra Umhverfismála sem lýsir þessari framkvæmd nokkuð vel.

Umhverfisráð óskar eftir heimild Bæjarráðs til að hefja undirbúning á þessum framkvæmdum.

Virðingarfyllst

---

Guðlaugur H Sigurjónsson  
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Fylgigögn: Minnisblað dags: 25.03.2021

Dreifing :  
Kjartan Már Kjartansson  
Bæjarstjóri Reykjaneshæjar